

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 137 14. apríl 1992
um Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðin upphæð, allt að 20% af kaupverði tímgunarhæfra hrossa, fósturvísa og sæðis, sem flutt er úr landi. Landbúnaðarráðherra skal auglýsa upphæðina árlega að fengnum tillögum Félags hrossabænda og Búnaðarfélags Íslands, sem byggð skal á kynbótamati samkvæmt dómum um byggingu og hæfileika, svo og ætterni viðkomandi hrossa, þar með talið sæðisgjafa eða kynforeldra fósturvísa. Útflytjendur hrossa, sæðis og fósturvísa skulu standa skil á þessum gjöldum til Búnaðarfélags Íslands eigi síðar en þremur mánuðum eftir útflutning og skulu þeir setja tryggingu sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur gilda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. búfjárræktarlaga nr. 84/1989 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. apríl 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.